

Nd. 460. Frumvarp til laga [232. mál]
um talnagetraunir.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Íþróttasambandi Íslands (ÍÍÍ), Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags, sem samtök þessi munu stofna, getraunir, er fram fara með þeim hætti, að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og eða bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 2005.

2. gr.

Félagi því, sem starfrækir getraunir samkvæmt 1. gr., skal stjórnað af fimm manna stjórn, er skipuð skal til eins árs í senn. Skipar Íþróttasamband Íslands tvo, Öryrkjabandalag Íslands tvo og Ungmennafélag Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Aðilar skipa formann til skiptis, tvö ár í senn, samkvæmt samkomulagi aðila, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Að öðru leyti gera aðilar með sér samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfestir, um rekstur félagsins, þar á meðal um ábyrgð á rekstri þess og skiptingu ágóða.

3. gr.

Gjald fyrir þátttöku í getraununum (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn félagsins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá stjórn félagsins, fjárhæð vinninga, annaðhvort sem hlutfall af heildarsöluverði miða hverju sinni, sem varið skal til vinninga, eða fjárhæð einstakra vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

5. gr.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands, og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir örykja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir annarri starfsemi bandalagsins í þágu öryrkja.

6. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um getraunastarfsemina, að fengnum tillögum stjórnar félagsins, og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

7. gr.

Óheimilt er öðrum en framangreindu félagi Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

Heimild Íslenskra getrauna til að starfrækja talnagetraunir samkvæmt 1. málsg. 2. gr., sbr. 10. gr. laga um getraunir, nr. 59/29. maí 1972, fellur niður á meðan heimild samkvæmt lögum þessum er í gildi.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands um rekstur getrauna, er fram fara með þeim hætti að þátttakendur skrá eða velja röð talna eða bókstafa. Hafa samtök þessi gert með sér samkomulag um stofnun félags um slíkan rekstur og sótt um heimild til hans.

Gert er ráð fyrir því að vinningar í getraunum þessum verði greiddir út í peningum. Samkvæmt lögum um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn „peningahappdrætti eða önnur því lík happspil.“ Í lögum um getraunir, nr. 59/1972, er félaginu Íslenskum getraunum veittur einkaréttur til að starfrækja talnagetraunir.

Frumvarpið felur í sér heimild til að veita áður nefndum samtökum rétt til að reka slíka getraunastarfsemi til eflingar íþróttum og starfsemi Öryrkjabandalagsins. Kveður frumvarpið á um nokkur atriði þessa en að öðru leyti er gert ráð fyrir því að um reksturinn og starfsemina fari eftir samkomulagi samtakanna þriggja og reglugerð.

Samtökin hafa gert með sér drög að samkomulagi um stofnun félags til reksturs talna- og eða bókstafagetrauna. Er þar kveðið á um stjórn félagsins, eignaraðild, ábyrgð og

skiptingu ágóða o.fl., þar sem gert er ráð fyrir þeirri meginreglu að ágóði skiptist þannig að til Íþróttahreyfingarinnar renni 60% (ÍSÍ 46.67%, UMFÍ 13.33%) en til Öryrkjabandalagsins 40%. Ekki er gert ráð fyrir aðild Íþróttanefndar ríkisins eða Íþróttasjóðs að þessari starfsemi svo sem nú er um starfsemi Íslenskra getrauna samkvæmt lögunum um getraunir, nr. 59/1972.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér heimild til að veita Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til þess að starfrækja talna- eða bókstafagetraunir. Heimild til talnagetrauna er nú í höndum Íslenskra getrauna, sbr. 2. gr. laga um getraunir, og er gert ráð fyrir því að sú heimild falli niður meðan heimildin sem í frumvarpinu felst er í gildi, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að heimildin verði tímabundin. Vegna mikils kostnaðar við stofnun getraunanna er gert ráð fyrir því að heimild til starfrækslunnar gildi í 20 ár.

Um 2. gr.

Samkomulag er milli aðila um fyrirkomulag á stjórn félags þess sem ætlað er að starfrækja getraunirnar, þannig að Íþróttasamband Íslands og Öryrkjabandalag Íslands tilnefni hvort um sig tvo menn í stjórn, en Ungmennafélag Íslands einn. Jafnframt er samkomulag um að samtökin skiptist á um að skipa formann, tvö ár í senn, og að Öryrkjabandalagið skipi formann í fyrsta skipti.

Um rekstur getraunastarfseminnar er gert ráð fyrir að aðilar geri samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfesti. Þar verði m.a. kveðið á um ábyrgð á rekstrinum og skiptingu ágóða. Er miðað við það að aðild ÍSÍ verði 46.67%, ÖBÍ 40% og UMFÍ 13.33%. Þó er gert ráð fyrir því að starfræktar verði aukagetraunir („aukapottur“) samhliða sjálfri talnagetrauninni, þar sem vinningar verði fyrir fram fastákveðnar fjárhæðir, og skiptist ágóði þar þannig að ÖBÍ hljóti 60%, ÍSÍ 31.13% og UMFÍ 8,87%.

Um 3. gr.

Greinin er í samræmi við það sem gildir um happdrætti almennt, þar á meðal um getraunastarfsemi.

Um 4. gr.

Lagt er til að ráðherra kveði á um fjárhæð vinninga, annaðhvort það hlutfall af heildarsöluverði miða hverju sinni, sem varið skal til vinninga, eða fjárhæð einstakra vinninga. Sem meginregla er í upphafi miðað við það að a.m.k. 40% af heildarsöluverði miða hverju sinni verði varið til vinninga, og er þá mikill fyrirsjáanlegur stofnkostnaður hafður í huga. Auk þessa er gert ráð fyrir því að við starfrækslu aukagetrauna („aukapotts“) samhliða megingetraununum verði vinningar fastar fjárhæðir ákveðnar fyrir fram. Þykir því ekki fært að lögfesta nánari ákvæði um vinningshlutfall eða fjárhæð vinninga en hér er lagt til.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um það í hvaða skyni ágóða af starfrækslu getraunanna skuli varið, þ.e. annars vegar til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan vébanda ÍSÍ og UMFÍ og hins vegar til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða til að standa undir annarri starfsemi þess í þágu öryrkja. Um skiptingu ágóðans milli samtakanna vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því að um sjálfa starfsemi getraunanna verði kveðið nánar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur, svo og að hann hafi að öðru leyti eftirlit með starfseminni.

Um 7. gr.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja rétt samtakanna til getraunastarfseminnar, þannig að öðrum verði óheimilt að starfrækja talna- eða bókstafagetraunir með þeim hætti sem greinir í 1. gr. frumvarpsins. Ákvæðið svarar til ákvæðis í 10. gr. laga um getraunir.

Samkvæmt 2. gr. laga um getraunir er Íslenskum getraunum veittur réttur til að starfrækja talnagetraunir, og er öðrum óheimilt að starfrækja slíka starfsemi, sbr. 10. gr. laganna. Lagt er til að þessi heimild falli niður á meðan í gildi er heimild til talna- og bókstafagetrauna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins.

Um 8. og 9. gr.

Parfnast ekki skýringa.